

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn fimmtudaginn 13. júní, kl. 12:15 í fundarsal Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Sagt frá málþingum og fundum. 1) Síðasta málþing vetrarins með Borgarleikhúsinu var haldið 11. apríl s.l. Fundarefni var Siðfræði stríðs og töluðu þeir Þorsteinn Gylfason, prófessor og Karl Th. Birgisson, blaðamaður. Málþingið var vel sótt og útvarpað af RUV. 2) Skálholtsfundur var haldinn 3. og 4. maí s.l. um samþykki í rannsóknnum og tókst mjög vel. 3) Greint var frá því að ráðstefna sú sem fyrirhuguð var að halda með Líffræðifélagi Íslands, 13. apríl s.l. hafi verið frestað til hausts vegna ýmissa vandkvæða sem upp komu á síðustu stundu.
3. Stjórnarformaður skýrði frá fundum sem haldnir voru í ELSAGEN og NORFA verkefnunum 10.-11. maí s.l. í Englandi. Verkefnið er komið vel af stað og almenn ánægja ríkti á fundinum. Í lok júní er fyrirhugaður fundur með íslenska rannsóknarhópnum. Næsti fundur í NORFA-verkefninu verður haldinn í Helsinki í byrjun september en næsti ELSAGEN fundur er fyrirhugaður í Lundi í janúar.

Stjórnarformaður vék af fundi á meðan rætt var um lið 4.

4. Fjallað um tillögu um laun til stjórnarformanns. Forstöðumaður sagðist hafa lagt fyrir starfsmannaskrifstofu fyrirspurn um það hvort annmarkar væru á því að greiða stjórnarmanni laun. Svör starfsmannaskrifstofu voru á þá leið að ekki þyrfti að leggja slíka beiðni fyrir kjaranefnd. Páll Hreinsson sagði hins vegar að samkvæmt laganna hljóðan bæri að leggja erindið fyrir kjaranefnd og óskaði eftir að það yrði gert, til þess að tryggja réttan framgang, áður en tillagan væri afgreidd formlega. Forstöðumanni falið að skrifa Kjaranefnd og gera uppkast að greinargerð.
5. Tillögur að greinargerð um Landsiðaráð lagðar fram og rædd. Forstöðumanni falið að kynna drögin fyrir rektor Háskóla Íslands.
6. Háskólaráð hefur óskað eftir umsögn frá Siðfræðistofnun um Reglur um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands. Forstöðumanni falið að semja slíka umsögn og stungið uppá Þorvarði Árnasyni til aðstoðar.
7. Forstöðumaður sagði frá fundi með Eddu Möller hjá Skálholtsútgáfunni þar sem hún bauð fram að hlutur Siðfræðistofnunar við útgáfu Siðfræði frá sjónarhóli guðfræði og heimspeki, væri 395 þúsund og væri þá málinu lokið af beggja hálfu. Tillagan samþykkt.

8. Fjallað um starfsemina á haustmisseri. Stjórnarformaður fer utan í ágúst til ársdvalar í Danmörku og forstöðumaður fer í barneignaleyfi í september. Ljóst er því að eitthvað muni draga úr starfseminni á haustmánuðum. Stjórnarformaður kemur í stutta heimsókn í kringum 13. september og stefnt að næsta stjórnarfundi þá.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:50.

S.N.